

## VERÐTILFÆRSLUSJÓÐUR SAM 2005

Rekstur og starfsemi verðtilfærslu milli mjólkurvara er tvískipt. Annars vegar er lögbundin verðtilfærsla skv. lögum nr. 99/1993 og hins vegar verðtilfærsla SAM. Lögbundin verðtilfærsla er í forsjá Bændasamtakanna og er gerður sérstakur ársreikningur vegna hennar. Framkvæmd og fjárreiður lögbundins verðtilfærslusjóðs er í höndum SAM skv. verkaskiptasamning sem gerður var milli BÍ og SAM, en sú ráðstöfun byggir á heimildum laga. Verðtilfærsla SAM er hins vegar í forsjá SAM og því með í ársreikningi SAM og er fjallað nánar um hana hér.

Í verðtilfærslusjóð SAM eru innheimt vörutengd gjöld af sýrðum vörum (jógúrt og skyldum vörum), rjóma, sérostum og nýmjólkurdufti. Greitt var úr sjóðnum vegna sölu á nýmjólk, skóladreitli, iðnaðarrjóma, skyri, smjörva, léttviðbiti og mögrum ostum (Gouda 17%, Mozzarella og Gouda 11%), iðnaðarnýmjólkurdufti og kálfafóðri.

Eftirfarandi er yfirlit yfir inn- og útgreiðslur úr verðtilfærslusjóði SAM á árinu 2005 samanborið við 2004:

|  | 2005               | %              | 2004               | %              |
|--|--------------------|----------------|--------------------|----------------|
| <b>Inngreiðslur:</b>                         |                    |                |                    |                |
| Yfirfært frá fyrra ári                       | 37.642.887         | 11,07%         | -166.825           | -0,06%         |
| Verðtilfærsla af útflutningsfé               | 23.637.500         | 6,95%          | 42.515.318         | 16,14%         |
| Innheimt verðtilfærsla                       | 278.612.986        | 81,97%         | 221.072.070        | 83,92%         |
| <b>Samtals til ráðstöfunar</b>               | <b>339.893.373</b> | <b>100,00%</b> | <b>263.419.563</b> | <b>100,00%</b> |
| <b>Útgreiðslur:</b>                          |                    |                |                    |                |
| Greidd verðtilfærsla til afurðastöðva        | 124.592.358        | 45,98%         | 84.114.609         | 37,26%         |
| Niðurgreiðsla skóladreitill                  | 1.455.264          | 0,54%          | 1.514.208          | 0,67%          |
| Niðurgreiðsla iðnaðardufts                   | 116.710.358        | 43,08%         | 113.807.005        | 50,41%         |
| Niðurgreiðsla iðnaðarrjóma                   | 24.007.747         | 8,86%          | 23.024.773         | 10,20%         |
| Annað  | 4.179.195          | 1,54%          | 3.316.081          | 1,47%          |
| <b>Samtals ráðstafað</b>                     | <b>270.944.922</b> | <b>100,00%</b> | <b>225.776.676</b> | <b>100,00%</b> |
| <b>Afgangur/(-vöntun) fært til næsta árs</b> | <b>68.948.451</b>  |                | <b>37.642.887</b>  |                |

Velta verðtilfærslusjóðs SAM var nokkuð meiri árið 2005 en árið 2004. Kemur það m.a. af breytingum á verðskrár verðtilfærslusjóðs sem tóku gildi á miðju ári 2005. Án tillits til verðtilfærslu af útflutningsfé, var vörutengd innheimta um 7,7 milljónum meiri en útgreiðslur. Afgangur í lok árs 2005 nam um 68,9 milljónum króna.